

DAGSETNING

TILVÍSUN


Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. janúar 2004 2003120321

Efni: Umsögn um 427. mál, matsreglur, EES-reglur

Ríkisskattstjóri vísar til bréfs háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 15. desember 2003, þar sem embættinu er sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga nr. 144/1994, með síðari breytingum (þskj. 593). Ríkisskattstjóri telur að efnisreglur frumvarpsins verði þær að lögum muni ekki hafi áhrif á skattstofna. Í ljósi þess hefur embættið ekki athugasemdir við frumvarpið. Ríkisskattstjóri vill þó taka fram að almennt verður að telja að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu séu fallnar til að stuðla að gleggri reikningskilum og marki því jákvæð spor í reikningskilalöggjöfma til gagns fyrir skattyfirvöld og aðra þá er rýna þurfa í reikningskil.

Virðingarfyllst



Indriði H Þorláksson



Bragi Gunnarsson